



# Sjúkrahúsið á Akureyri

## Mannauðsstefna 2012 – 2017

### Inngangur

Mannauðsstefna Sjúkrahússins á Akureyri er leiðarljós stjórnenda og starfsfólks sjúkrahússins sem gerir Sjúkrahúsið á Akureyri framsækinn og eftirsóknarverðan vinnustað.

Mannauðsstefnan er sett fram til að stuðla að góðum vinnustað þar sem byggt er á víðtækri samvinnu, gagnkvæmri virðingu og að færni starfsfólks fái að njóta sín og dafna. Hún byggir á grunnildum sjúkrahússins sem eru: *ÖRYGGI, SAMVINNA og FRAMSÆKNI*.

Mannauðsstefnan var samþykkt í framkvæmdastjórn 2. febrúar 2012. Starfsmannaþjónustan hefur yfirumsjón með framkvæmd mannaúðsstefnunnar og veitir stjórnendum og starfsfólki sérfræðipjónustu og aðstoð í þeim málum sem undir hana heyra.

Hér verður fjallað um hvern þátt mannaúðsstefnunnar.

### Ráðningar, starfslýsingar og kjör

*Lögð er áhersla á að ráða til starfa og halda í hæfileikaríka einstaklinga. Við val á starfsfólki er menntun, reynsla, færni og hæfni höfð að leiðarljósi.*

#### Með því að:

- Ávallt séu fyrirbyggjandi kröfur til starfs og starfslýsingar.
- Tryggja að rétt og faglega sé staðið að ráðningum.
- Tekið sé vel á móti nýju starfsfólki og tryggt að það fái nauðsynlegar upplýsingar, kynningu og aðlögun á vinnustaðnum.
- Í launa- og kjaramálum sé farið eftir gildandi kjara- og stofnanasamningum á hverjum tíma.
- Skilgreindar séu stjórnunarstöður þar sem ráðningatími er fimm ár í senn.

#### Ábyrgð:

- Stjórnendur.
- Stjórnendur, starfsmannaþjónusta.
- Stjórnendur, starfsmannaþjónusta.
- Framkvæmdastjórn, starfsmannaþjónusta.
- Forstjóri, framkvæmdastjórn.

#### Tími

- Allt uppfært fyrir lok árs 2012.
- Endurskoðað á þriggja ára fresti.
- Sífelld
- Sífelld
- Sífelld
- Fyrir lok árs 2012



## Stjórnun, réttindi og skyldur

Öllu starfsfólki ber að fara að lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Lögð er áhersla á sameiginlega ábyrgð starfsfólks og stjórnenda við að veita bestu mögulegu þjónustu.

Með því að:	Ábyrgð:	Tími
<ul style="list-style-type: none"> <li>Stjórnendur tileinki sér góða stjórnunarhætti með jákvæðu viðhorfi til samstarfsfólks og virku upplýsingastreymi og dreifingu valds og ábyrgðar.</li> </ul>	Framkvæmdastjórn, stjórnendur.	Sífelld
<ul style="list-style-type: none"> <li>Stjórnendur og starfsfólk vinni sameiginlega að markmiðum sjúkrahússins, virði og kunni skil á þeim meginreglum laga og reglugerða sem gilda um starfsvettvanginn.</li> </ul>	Stjórnendur, starfsfólk.	Sífelld
<ul style="list-style-type: none"> <li>Starfsfólk leitist við að laga sig að breytilegum kröfum sem til þess eru gerðar á hverjum tíma, t.d. varðandi fagleg og tæknileg atriði.</li> </ul>	Stjórnendur, starfsfólk.	Sífelld

## Starfsþróun og fræðsla

Lögð er áhersla á að gefa starfsfólki tækifæri til starfsþróunar með markvissri hjálfun og fræðslu. Mikilvægt er að starfsfólk miðli þekkingu og reynslu sín á milli og til nýs starfsfólks og nema.

Með því að:	Ábyrgð:	Tími
<ul style="list-style-type: none"> <li>Starfsþróun sé reglubundinn þáttur í starfsáætlun deilda.</li> </ul>	Stjórnendur, starfsfólk.	Allar deildir fyrir lok maí 2013
<ul style="list-style-type: none"> <li>Allt starfsfólk taki þátt í starfsmannasamtali.</li> </ul>	Stjórnendur, starfsmannaþjónusta, starfsfólk.	Árlega
<ul style="list-style-type: none"> <li>Starfsfólk sé hvatt til þátttöku í vísinda-, þróunar-, og gæðastarfi.</li> </ul>	Stjórnendur, starfsmannaþjónusta, deild kennslu og vísinda.	Sífelld
<ul style="list-style-type: none"> <li>Skipuleggja og standa að fræðslu fyrir starfsfólk.</li> </ul>	Stjórnendur, starfsmannaþjónusta, deild kennslu og vísinda.	Sífelld



## Vinnuumhverfi, öryggi og heilsa

*Gott og öruggt vinnuumhverfi er lykilþáttur í góðri líðan starfsfólks. Ábyrgðin á heilsu okkar og vellíðan er sameiginlegt verkefni sem mikilvægt er að stjórnendur og starfsfólk taki fullan þátt í.*

Með því að:	Ábyrgð:	Tími
<ul style="list-style-type: none"> <li>Samskipti starfsfólks innan og utan sjúkrahússins grundvallast á virðingu fyrir tilvist, þekkingu og skoðunum annarra, og stuðli að velferð og árangri í starfi.</li> </ul>	Stjórnendur, starfsfólk.	Sífelld
<ul style="list-style-type: none"> <li>Starfsfólk sé hvatt til að leggja rækt við eigin heilsu með ástundun heilbrigðs lífennis.</li> </ul>	Stjórnendur, starfsmannaþjónusta, starfsfólk.	Sífelld,
<ul style="list-style-type: none"> <li>Allar deildir sjúkrahússins geri skriflega áætlun um öryggi og aðbúnað á vinnustað (áhættumat) og framfylgi henni lögum samkvæmt.</li> </ul>	Stjórnendur, öryggisverðir, öryggistrúnaðarmenn.	Fyrir maí 2012
<ul style="list-style-type: none"> <li>Líða ekki einelti, kynferðislega áreitni eða aðra þá framkomu sem skapi öðrum vanlíðan eða óöryggi.</li> </ul>	Stjórnendur, starfsmannaþjónusta, starfsfólk.	Sífelld
<ul style="list-style-type: none"> <li>Á sjúkrahúsinu sé starfandi stuðningsteymi, þar sem starfsfólki standi til boða stuðningsviðtöl og úrvinnsla í erfiðleikum.</li> </ul>	Forstjóri.	Sífelld
<ul style="list-style-type: none"> <li>Móta og innleiða stefnu um heilsuvernd starfsfólks. Starfsfólk og stjórnendur hafi aðgang að starfsmanna-heilsuvernd.</li> </ul>	Forstjóri.	Fyrir lok 2012

## Jafnrétti

*Lögd er áhersla á jafnrétti án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, lítarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.*

Með því að:	Ábyrgð:	Tími
<ul style="list-style-type: none"> <li>Hafa starfandi jafnréttisnefnd á sjúkrahúsinu, sem framfylgi stefnu og áætlun sjúkrahússins í jafnréttismálum. Jafnréttisstefna og jafnréttisáætlun er hluti mannauðsstefnunnar.</li> </ul>	Forstjóri.	Sífelld
<ul style="list-style-type: none"> <li>Starfsfólk virði jafnréttisstefnuna og vinni í anda hennar.</li> </ul>	Starfsfólk.	Sífelld



## Siðfræði

Lögð er áhersla á mikilvægi þess að starfsfólk virði trúnað gagnvart sjúklingum og réttindum þeirra sem og trúnað gagnvart samstarfsfólki um persónuleg og viðkvæm mál.

Með því að:	Ábyrgð:	Tími
<ul style="list-style-type: none"><li>Starfsfólk vinni eftir siðareglum starfsstétta.</li></ul>	Stjórnendur, starfsfólk.	Sífelld
<ul style="list-style-type: none"><li>Starfandi sé siðanefnd á sjúkrahúsinu. Vísindarannsóknir fari fram samkvæmt leyfi og reglum hennar.</li></ul>	Forstjóri	Sífelld
<ul style="list-style-type: none"><li>Við ráðningu, á kynningarfundum með nýliðum og í annarri fræðslu fyrir starfsfólk sé mikilvægi trúnaðar rætt.</li></ul>	Stjórnendur, starfsmannaþjónusta.	Sífelld

## Starfslok

Lögð er áhersla á að koma til móts við starfsfólk þegar líður að starfslokum.

Með því að:	Ábyrgð:	Tími
<ul style="list-style-type: none"><li>Gefa starfsfólki tækifæri á að breyta starfshlutfalli sínu síðustu misserin í starfi.</li></ul>	Stjórnendur.	Sífelld
<ul style="list-style-type: none"><li>Þjóða starfsfólki sem nálgast starfslok, vegna aldurs, námskeið til að undirbúa þau tímamót.</li></ul>	Stjórnendur, starfsmannaþjónusta.	Sífelld
<ul style="list-style-type: none"><li>Starfsfólki bjóðist starfslokaviðtal þegar það lætur af starfi.</li></ul>	Stjórnendur, starfsmannaþjónusta.	Sífelld